

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmanna, vélstjórnarmanna og undirmanna á kaupskipum, nr. 379/1991.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Skipstjórnarmenn, vélstjórar og vélaverðir skulu sanna með læknisvottorði að þeir hafi a.m.k. þá sjónskerpu, sem hér segir:

Sjónskerpa með eða án gleraugna eða linsa		Lágmarks sjónskerpa án gleraugna eða linsa	
Betra auga	Lakara auga	Betra auga	Lakara auga
1,0	0,25	0,2	0,2
0,67	0,33		
	eða		

Lestrarsjónskerpa:

Í 30–40 cm fjarlægð:

N5 (14 punkta letur, þ.e. um það bil 1,5 mm stafahæð)

Í 100 cm fjarlægð:

N14 (14 punkta letur, þ.e. um það bil 4 mm stafahæð).

2. gr.

12. gr. orðist svo:

Eftir 20 ára starf má lágmarksheyrn (heyrnarþröskuldur) vélstjóra eða vélavarðar við tíðni yfir 2,0 kílórið (þ.e. við 3,0 eða 4,0 kílórið) vera lakari en samkvæmt 10. grein, svo fremi að heyrnarþröskuldur við tíðni 0,5 1,0 og 2,0 kílórið sé eðlilegur (ekki lakari en 25 dB), enda álíti læknirinn að heyrnarskemmdin sé af völdum hávaða. Í þessum undantekningartilvikum skal heyrnarrannsóknin framkvæmd af sérfræðingi í eyrnasjúkdómum og gerir hann eftir atvikum tillögu um hvort skírteinishafi skuli metinn hæfur eða ekki.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 12. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984, 10. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum nr. 113/1984 og 8. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 24. apríl 1992.

Halldór Blöndal.

Elin Helgadóttir.